

147. gr. hegningarlaganna frá 1869 og þykir refsingin hæfilega ákveðin 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingarinar skal frestað og hún falla niður, ef skilyrðum laga nr. 39, 1907 er fullnægt.

Hvað málskostnað snertir, þá greiði hinir ákærðu, Flosi Einarsson og Sigurður Einarsson, kr. 60 in solidum til talsmanns þeirra, hrm. Lárusar Jóhannessonar, og ákærðu, Magnús Magnússon Stephensen og Jón Marínó Jónsson, greiði in solidum talsmanni þeirra, hrm. Stefáni Jóhanni Stefánssyni, kr. 30.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu, að helmingi Flosi Einarsson, Sigurður Einarsson og Magnús Magnússon Stephensen að $\frac{2}{3}$ in solidum og Jón Marínó Jónsson að $\frac{1}{3}$.

Það athugast við meðferð málsins, að rannsóknardómarrinn hefir haldið rétt án þess að hafa réttarvotta við og hrapað hefir verið nokkuð að eiðfestingu vitnisins Sigurðar Einarssonar. Að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vitalaus.

Mánudaginn 6. júní 1932.

Nr. 60/1931. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)

gegn

Harold Mecklenburgh

(Lárus Fjeldsted).

Veiðarfæri í ólagi.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 14. apríl 1931: Kærður, Harold Mecklenburgh, skipstjóri á togaranum, H. 212 „Angle“, frá Hull, greiði 3500 gullkróna sekt í Landhelgissjóð Íslands, er jafngildir isl. krónum 4279,25. Svo greiði hann og allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með mælingum varðskipsins og öðrum gögnum, sem fram eru komin í málinu, verður að telja það

nægilega sannað, að kærði hafi hinn 13. apríl 1931 verið staddur á skipi sínu, H. 212, Angle frá Hull, innan landhelgi undan Rit og að hann þá eigi hafi haft veiðarfæri sín með löglegum umbúnaði. Hefir kærði með þessu gjörzt brotlegur gegn 2. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing hans með tilliti til þess, að gullgildi islenzkrar krónu er nú 61,91 aurar, hæfilega ákveðin 3500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og afplánist sektin með 90 daga einföldu fangelsi, sé hún eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo ber og kærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Á rekstri málsins hefir orðið mikill dráttur eftir að því var áfrýjað til hæstaréttar, en sá dráttur þykir eftir atvikum réttlættur með því, að hann stafar af því, að verjandi sendi málsskjölin til Englands og leitaði nýrra upplýsinga þar.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Harold Mecklenbourgh, greiði 3500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er afplánist með 90 daga einföldu fangelsi, verði hún eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflærslulaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Magnúsar Guð-

mundssonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórninnar hálfu gegn kærðum, Harold Mecklenbourgh, skipstjóra á enskum togara, H. 212 „Angle“ frá Hull, til refsingar og greiðslu málskostnaðar.

Tildrög málsins eru þannig: kl. 10,30 í gær sá varðskipið „Hvidbjörnen“ togara út af Rit. Miðunarstaður varðskipsins var þá:

Grænahlið	v.K. í réttv.	324°
Sléttæyri	„ „	77°,5
Togarinn	„ „	321°

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 11300 m. og stýrði hann að álitum þess í S.V.

Kl. 10,39 var varðskipið stutt

Staðarhlið	v.K.	> 45°
Snæfjallanes h.K.		> 87°,2
Öskubakur h.K.		> 74°
Togarinn		

Fjarlægð togarans 9150 m. Hraði varðskipsins 14,5 sjóm., stefna 300.

Kl. 10,43 var staður varðskipsins

Staðarhlið	v.K.	> 40°
Snæfjallanes h.K.		> 86°
Öskubakur h.K.		> 71°
Togarinn		

Fjarlægð togarans 8400 m.

Skaut þá varðskipið 4 lausum skotum og 1 skotskeyti

að togaranum, og stöðvaði hann þá þegar ferð sina og var tekinn á staðnum.

Straumnes	v.K.	> 22°,3
Ritur	v.K.	> 25°,5
Lækjarfjall	h.K.	

Fyrirliði af varðskipinu var sendur um borð í togarann til athugunar og upplýsir hann, sbr. rskj. 1, að stb. varpa hafi verið ílásuð, vot, og með nýju þangi í. Auk þess hafi verið lifandi fiskur: steinbítur og kolar á þilfarinu. Varp-an verið laus útbreidd á þilfarinu, en ekki uppbundin svo sem lög mæla fyrir.

Var togarinn þá tekinn fastur, farið með hann til Ísa-fjarðar og skipstjórinn kærður fyrir brot á l. nr. 5, 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Liðsforingi varðskipsins, Chr. Ries, sem viðstaddur var í réttinum, upplýsti að fjarlægð togarans frá landi, samkvæmt framangreindum staðarathugunum, hafi við 1. athugun verið 1,2 sjóm., við aðra ath. 2,0 sjóm., við 3. ath. 2,7 sjóm. og við 4. athugun 6,7 sjóm., er sýnir að togarinn hefir við 3 fyrstu athuganirnar verið innan landhelgislínu.

Skipstjóri hins enska skips hefir fullyrt, að á greindu tímabili, frá kl. 10,30 til 10,43, hafi hann eigi verið fyrir innan landshelgislínu, samkv. mælingum þeim og athugunum, sem hann hafi gert með lóði og loggi, án þess þó að færa frekari sannanir fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Hinsvegar hefir hann eigi treyst sér til að véfengja mælingar og staðarákvarðanir varðskipsins, er því ber að leggja til grundvallar um þetta atriði.

Skipstjóri togarans hefir viðurkennt, að ásigkomulagi veiðarfæraanna sé rétt lýst í skýrslu varðskipsins, að öðru leyti en því að varpan hafi ekki verið ílásuð. Ennfremur hefir hann viðurkennt, að lifandi fiskur, kolar og steinbítur hafi legið á þilfarinu.

Samkv. framangreindu er það nægilega sannað, að togarinn H. 212 frá Hull „Angle“ hefir á umræddu tímabili verið innan landhelgislínu, með ólöglega útbúin veiðarfæri, en talsmaður kærðs, cand. jur. Óskar Borg, hefir gert þá kröfu, að brotið verði heimfært undir 1. gr. laga nr. 36, 15. júní 1926.

En eins og fyrr segir er það upplýst, að kærður var innan landhelgislinu með ólöglega útbúin veiðarfæri, að hann var staddur þar í björtu og góðu veðri, á góðu fiskimiði með veiðarfærin laus á þilfarinu, þannig að tafarlaust mátti byrja veiðar með þeim, þykir það allsennilegt, að kærður hafi verið undir það búinn að hefja veiðar, er hann sá til varðskipsins, og styrkist það eigi allítið við það, að hann þá tekur að sigla með mikilli ferð frá landi og heldur því áfram, unz varðskipið hefir skotið á hann 4 lausum skotum og einu skotskeyti.

Krafa talsmannsins verður því eigi til greina tekin.

Samkvæmt framangreindu hefir því kærður að réttarins áliti orðið brotlegur við aðra grein laga nr. 5 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing hans, er eigi hefir áður orðið brotlegur við lög þessi, eftir atvikum hæfilega metin 3500,00 gullkrónur sekt, sbr. 2. mgr. 3. gr. téðra laga, í Landhelgissjóð Íslands, er jafngildir 4279,25 ísl. krónum.

Svo greiði og kærður allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Mánudaginn 6. júní 1932.

Nr. 50/1931. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn

Ernest Lewis (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. apríl 1931: Kærður, Ernest Lewis, sæti 12500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar sé hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpungnum, Lady Marcot frá Hull, sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.